

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
5. fundur 2024 (127. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 24.06.2024 kl. 08:15 í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Jón B. Guðnason	"
Margrét Lilja Margeirsdóttir	"
Magnús Stefánsson	varamaður í skipulagsnefnd
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Björn Ingi Edvardsson	skipulagsfulltrúi

Valgerður B. Eggertsdóttir boðaði forföll.

1. Umsókn Isavia um framkvæmdaleyfi vegna landmótunar. Endurnýjun

Vísað er til fundargerða síðustu tveggja funda skipulagsnefndarinnar varðandi mál þetta. Til fundarins mættu fulltrúar Isavia Jóhannes Bjarni Bjarnason og Ingvar Baldursson. Gerðu þeir grein fyrir framkvæmdum vegna landmótunar við 5 svæði við fyrirhugað Demantssvæði. Fram kom að framkvæmdir eru ekki í samræmi við útgefið framkvæmdaleyfi sem er útrunnið.

Skipulagsnefndin óskar eftir að í nýrri umsókn um framkvæmdaleyfi komi fram nákvæm áætlun um endanlegan frágang hvers einstaks áfanga svæðisins.

Ábending kom um nálægð við eldsneytislagnir Atlantshafsbandalagsins og ráðstafanir til að tryggja að lagnirnar verði ekki fyrir tjóni.

2. Deiliskipulag Háaleitishlaðs – kynning athugasemda

Auglýst hefur verið tillaga að deiliskipulagi vegna lóðar við Pétursvöll fyrir fjarskiptastarfsemi. Afmörkuð er 400 m² lóð þar sem heimilt er að byggja allt að 60 m² tækjahús og reisa allt að 30 m hátt fjarskiptamastur.

Athugasemdir og ábendingar komu frá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja, Mílu, Reykjanesbæ og Landhelgisgæslunni. Viðbrögð við athugasemdum eru að fjarskiptamastrið skal vera staðsett syðst í skipulagsreitnum.

Skipulagsnefndin samþykkti breytinguna á deiliskipulagi Háaleitishlaðs.

3. Umsókn Isavia um framkvæmdaleyfi vegna nýrrar settjarnar og olíuskilju austan byggingar 885 á Háaleitishlaði

Lagt var fram erindi Isavia, dags. 13.06.2024, varðandi ofangreint mál. Framkvæmdin er í samræmi við samþykkt deiliskipulag.

Skipulagsnefndin samþykkti framkvæmdaleyfið í samræmi við umsóknina.

4. Umsókn Isavia um endurnýjun framkvæmdaleyfis vegna SFA-16 verkefnis. Áður útgefið 2023

Skipulagsnefndin samþykkti að framlengja framkvæmdaleyfið til eins árs eða til 1. júlí 2025.

5. Beiðni um umsagnir frá Reykjanesbæ vegna eftirtalinna mála:

- Vatnsnes, breyting á aðalskipulagi. Mál nr. 175/2024 í skipulagsgátt.
- Lághitaholur við Vogshól og Njarðvíkurheiði, breyting á aðalskipulagi. Mál nr. 620/2024 í skipulagsgátt.
- Nýtt deiliskipulag fyrir lághitaholur við Vogshól. Mál nr. 622/2024 í skipulagsgátt.

Skipulagsnefndin gerir ekki athugasemdir við neitt þessara mála.

Fulltrúi Reykjanesbæjar vék af fundi við afgreiðslu þessara mála.

6. Tvöföldun Reykjanesbrautar frá Fitjum að Flugstöð. Greining valkosta

Lögð voru fram til kynningar gögn um valkosti og valkostagreiningu, matsþætti og aðferðafræði, vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar frá Fitjum að Flugstöð, dags. í maí 2024.

7. Fundarboð og fundargerðir skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar

Ákveðið var að fundarboð skuli fá bæði aðalmenn og varamenn í skipulagsnefndinni. Aðalmenn boði síðan varamann sinn ef um forföll er að ræða.

Þegar fundargerðir hafa verið samþykktar rafrænt sendir skipulagsfulltrúi fundargerðirnar á aðalmenn og varamenn í nefndinni.

8. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 19. ágúst 2024.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Ný slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

<https://isaviasky.sharepoint.com/sites/D0234/SitePages/Home.aspx>